



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga um hækkun á eignarmörkum varðandi sérstakan húsnæðisstuðning.***

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðstjóra, dags. 5. júní 2019, um hækkun á eignarmörkum varðandi sérstakan húsnæðisstuðning:

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 6. tl. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, þannig að fjárhæð eignamarka hækki í samræmi við breytingar á eignamörkum í reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga og að breytingin taki gildi frá og með 1. júní 2019.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Erindið er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Tillaga um hækkun á eignamörkum varðandi sértækan húsnæðisstuðning*

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 6. tl. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, þannig að fjárhæð eignamarka hækki í samræmi við breytingar á eignamörkum í reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga og að breytingin taki gildi frá og með 1. júní 2019:

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

#### **3. gr.**

#### **Skilyrði fyrir samþykki umsóknar**

...

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.510.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

#### **3. gr.**

#### **Skilyrði fyrir samþykki umsóknar**

...

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.769.000 kr.

#### **Greinargerð:**

Þann 11. febrúar 2019 var reglugerð nr. 555/2016, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfséignarstofnanir og almennar íbúðir breytt þannig að eignaviðmið í 6. gr. 2. mgr. reglugerðarinnar var hækkað úr 5.510.000 kr. í 5.769.000 kr. Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning til samræmis við framangreinda reglugerð og að breytingin taki gildi frá og með 1. júní 2019.

Heildaráætlun ársins 2019 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er um 915 mkr. og gert er ráð fyrir að ofangreind breyting hafi óveruleg áhrif á áætlun ársins og hækkun sem af henni gæti leitt, rúmist innan fjárheimilda.